

**Sp.**

**841. Fyrirspurn**

**[491. mál]**

til fjármálaráðherra um húsnæðissparnaðarreikninga.

Frá Guðmundi Ágústssyni.

1. Hefur verið athuguð staða þess fólks sem lagt hefur inn á húsnæðissparnaðarreikninga samkvæmt lögum nr. 49 frá 26. júní 1985 eftir breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt á sl. ári?
2. Hvernig fer með skattafslátt sem mælt er fyrir um í 1. gr. nefndra laga?
3. Hvað hyggst ráðherra gera til að eyða þeirri réttaróvissu sem ríkir hjá almenningi og í bankakerfinu gagnvart þessum reikningum?